



ÚTHLUTUNARREGLUR SJÚKRASJÓÐS VLFS

VLFS

22.MAÍ 2024

850 HELLA
S:487-5000 – email: vs@vlfs.is



Yfirlit

1.KAFLI – UMSÓKNIR.	2
2.KAFLI – UMSÓKNAFRESTIR OG ÚTHLUTUN.	2
3.KAFLI – GÖGN SEM FYLGJA ÞURFA UMSÓKN.....	2
4 KAFLI – DAGPENINGAR.	3
5.KAFLI - FORVARNAR- OG ENDURHÆFINGARSTYRKIR.	4
6.KAFLI - BREYTINGAR Á REGLUM ÞESSUM.....	5



ÚTHLUTUNARREGLUR

Verklagsreglur um fyrirkomulag á greiðslum sjúkra-slysadagpeninga, dánarbóta og forvarnar- endurhæfingarstyrkja.

1.KAFLI – UMSÓKNIR.

1. Umsóknir

- 1.1. Leggja skal fram skriflega eða rafræna umsókn til sjóðsins á þar til gerðu eyðublaði ásamt öllum þeim fylgigögnum sem krafist er á umsóknareyðublaði.
- 1.2. Eyðublað má að nálgast á skrifstofum félagsins og á heimasíðu félagsins www.vlfs.is.
- 1.3. Ekki er heimilt að afgreiða umsóknir nema þær séu út fylltar á fullnægjandi hátt og öll nauðsynleg fylgiskjöl liggi fyrir.
- 1.4. Vegna samninga um réttindaflutning milli sjúkrasjóða ASÍ félaga er nauðsynlegt að geta um greiðslur annarra sjúkrasjóða ASÍ félaga á umsókn.
- 1.5. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög og reglur um persónuvernd.
- 1.6. Með staðfestingu umsóknar heimilar félagsmaður að félagið sannreyni réttmæti gagna s.s. kvittana og framlagðra læknisvottorða og veitir félaginu heimild til þess að afla frekari gagna sem afgreiðsla umsóknarinnar getur byggt á.
- 1.7. Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur myndast eiga rétt í sjóðnum.
- 1.8. Réttur myndast hjá þeim sem greitt hafa eða greitt hefur verið af iðgjöld til sjóðsins samkvæmt kjarasamningum félagsins í a.m.k. 6 mán samfelt.

2.KAFLI – UMSÓKNAFRESTIR OG ÚTHLUTUN.

2. Umsóknarfrestir og úthlutun

- 2.1. Umsóknir um sjúkra- og slysadagpeninga, dánarbætur forvarnar- og endurhæfingarstyrki ásamt fylgigögnum þurfa að jafnaði að berast sjóðnum eigi síðar en 24. þess mánaðar sem greitt er úr sjóðnum nema annars sé sérstaklega getið á heimasíðu félagsins.
- 2.2. Dagpeningar, bætur og styrkir eru greiddir út mánaðarlega síðasta virka dag mánaðar.
- 2.3. Ekki eru gerðar undantekningar á greiðsludögum nema ljóst sé að mistök hafi orðið við afgreiðslu umsóknar og að þess vegna hafi greiðsla ekki verið innt af hendi.

3.KAFLI – GÖGN SEM FYLGJA ÞURFA UMSÓKN.

3. Gögn sem fylgja þurfa umsókn

- 3.1. Rétt út fyllt umsókn og nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum.
- 3.2. Rétt út fylltar umsóknir og fylgigögn þurfa að berast á réttum tíma að öðrum kosti frestast afgreiðsla til næstu úthlutunar. Fylla skal út í alla reiti um persónuupplýsingar.
- 3.3. Starfsmönnum félagsins er heimilt að óska eftir þýðingu vottorða t.d. frá löggiltum skjalapýðanda. Umsækjandi ber kostnað af þýðingu.
- 3.4. Bankaupplýsingar þurfa að fylgja öllum umsóknum. Þar sem greiðslur sjúkrasjóðs eru færðar rafrænt valda rangar upplýsingar um reikningsnúmer því að greiðsla til viðkomandi er ekki greidd á réttum tíma.
- 3.5. *Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um forvarnar- og endurhæfingarstyrki úr sjóðnum:*



- 3.5.1. Sundurliðaðir reikningar með nafni og kennitölu umsækjanda sem sannanlega hafa verið greiddir. Á reikningunum þarf að vera útgáfudagur reiknings, áritun/stimpill/merki þess er gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang eða símanúmer. Reikningur má ekki vera eldri en 6 mánaða.
- 3.5.2. Skila þarf inn staðfestingu á greiðslu, **bankakvittun úr íslenskum banka sem staðfestir greiðsluna í íslenskum krónum.**
- 3.5.3. Upplýsingar um fjölda skipta og dagsetningar meðferða eða kaupa á vöru eða þjónustu sem aðeins sjóðfélagi hefur nýtt sér skal koma fram á reikningi.
- 3.5.4. Umsóknum um styrk vegna áfengis/fíkniefnameðferðar skal fylgja vottorð frá íslenskri meðferðarstofnun og vottorð frá atvinnurekanda um að viðkomandi fái ekki greidd laun á tímabilinu.
- 3.5.5. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir frumriti reiknings sem áður hefur verið sendur til sjóðsins, áður en útborgun á sér stað.
- 3.6. *Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um sjúkra- og slysdagpeninga úr sjóðnum:*
- 3.6.1. **Sjúkradagpeningavottorð.** Við umsókn um sjúkra- og slysdagpeninga verður að leggja fram fullgilt sjúkradagpeningavottorð á íslensku. Ef læknisvottorðið er tímabundið er umsækjenda bent á að endurnýja það og koma til Sjúkrasjóðs VLFS standi óvinnufærni lengur en upphaflegt vottorð sagði til um. Sjúkradagpeningavottorð skal að meginreglu ekki vera eldra en mánaðargamalt. Sjúkradagpeningavottorð eldri en mánaðargömum frá því bótaréttur skapaðist hjá sjóðnum eru að jafnaði ekki tekin gild þegar sótt er um sjúkradagpeninga eða bætur.
- 3.6.2. Staðfesting atvinnurekanda á að veikindaréttur hjá atvinnurekanda sé tæmdur og upplýsingar um dagsetningu síðustu launagreiðslu frá atvinnurekanda.
[Vottorð atvinnurekanda](#)
- 3.6.3. Upplýsingar um stöðu nýtingar persónuafsláttar úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra sem má nálgast á rsk.is.
- 3.6.4. Önnur gögn eftir því sem við á, s.s. frá Tryggingarstofnun ríkisins, upplýsingar um greiðslur frá öðrum aðilum. Í vissum tilfellum gæti félagsmaður þurft að skila inn launaseðlum s.s. ef gjöld í sjóðinn hafa ekki skilað sér frá atvinnurekanda.
- 3.7. *Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um dánarbætur úr sjóðnum:*
- 3.7.1. Dánarvottorð.
- 3.7.2. Ef félagsmaður skilur eftir sig börn undir 18 ára aldri er krafist staðfestingar frá Þjóðskrá Íslands.
- 3.8. Óheimilt er að greiða dagpeninga eða styrki inná bankareikning á nafni annars en umsækjanda nema fyrir liggi skriflegt umboð félagsmanns staðfest af vottum.
- 3.9. Gefi umsækjandi rangar eða villandi upplýsingar sem áhrif geta haft á réttindi getur viðkomandi misst rétt til styrkja/bóta úr sjóðnum. Skyld er að endurkrefja styrk/bótaþega um þegar greiddar bætur/styrk/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti.

4 KAFLI – DAGPENINGAR.

4. Dagpeningar

- 4.1. Útreikningur dagpeninga miðast við almanaksdaga, að meðaltali 30 daga í mánuði.
- 4.2. Greiðslur dagpeninga vegna alvarlegra veikinda barna og maka skv. gr. 12.2 og 12.3 í reglugerð sjúkrasjóðs koma einungis til greina vegna mjög alvarlegra veikinda og verða að krefjast sérstakrar umönnunar af hálfu félagsmanns. Hver umsókn er metin sérstaklega af stjórn sjóðsins.



- 4.3. Réttur til dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum fyrnist sé hans ekki vitjað innan tólf mánaða frá því að bótaréttur skapaðist og á einungis við þegar félagsmaður hefur tæmt rétt hjá atvinnurekanda og ekki er um aðra framfærslu að ræða.
- 4.4. Dagpeningar reiknast samkvæmt, gr. 12.1, 12.2, 12.3 og m.v. launavísitölu skv. gr. 12.5 í reglugerð sjúkrasjóðs VLFS.

Réttur til dagpeninga samkvæmt greinum 12.1., 12.2., og 12.3 í reglugerð sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Suðurlands er sjálfstæður og aðskilinn.

5.KAFLI - FORVARNAR- OG ENDURHÆFINGARSTYRKIR.

5. Forvarnar – og endurhæfingarstyrkir

- 5.1. Veittir eru styrkir til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja.
- 5.2. Umsóknir vegna styrkja skulu berast innan 6 mánaða frá útgáfudegi reiknings ella fellur réttur niður.
- 5.3. Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu forvarnar- og endurhæfingarstyrkja úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan Starfsgreinasambands Íslands öðlast þann rétt hjá Verkalýðsfélagi Suðurlands skv. þeim reglum sem hjá Vlf.S. gilda eftir að hafa greitt í sjúkrasjóð félagsins í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum. Umsækjandi skal sjálfur afla gagna til staðfestingar á þeim rétti.
- 5.4. Réttur til forvarnar- og endurhæfingarstyrkja miðast við almanaksárið.
- 5.5. Greiddir eru eftirfarandi styrkir:
 - a) Sjúkraþjálfun/sjúkranudd/hnykkjari (kírópraktor) hjá löggiltum aðila. Greitt er sem svarar 50% af hlut sjúklings samkv. greiðslukvittun. Greitt er að hámarki 20 skipti á hverju almanaksári. Skila þarf inn greiðslukvittun þar sem fram kemur fjöldi skipta.
 - b) Meðferð hjá löggiltum sálfræðingi geðhjúkrunarfræðingi, geðlækni, félags- eða fjölskylduráðgjafa. Greitt er fyrir allt að 15 skiptum á hverju almanaksári, sem svarar 50% af hlut sjúklings samkvæmt greiðslukvittun. Einungis er greiddur styrkur vegna hlutar sjúklings. Skila þarf inn greiðslukvittun.
 - c) Skoðun hjá hjartasérfræðingi. Skoðunargjald hjá hjartasérfræðingi. Greitt er 50 % af hlut sjúklings þó að hámarki kr. 20.000 gegn framvísun greiðslukvittunar á hverju almanaksári.
 - d) Skoðunargjald vegna ristilspeglunar og magaspeglunar. Greitt 50% af hlut sjúklings þó að hámarki kr. 20.000 á hverju almanaksári. Skila þarf inn greiðslukvittun.
 - e) Krabbameinsskoðun, skoðunargjald og framhaldsskoðun. Sjóðurinn greiðir allt að kr. 5.000-vegna fyrstu skoðunar. Sjóðurinn greiðir einnig styrk vegna framhaldsrannsókna allt að kr. 20.000. í eitt skipti á hverjum 12 mánuðum, þó ekki meira en 50% af kostnaði. Styrkur er veittur vegna framhaldsrannsókna hjá Krabbameinsfélaginu og vegna blöðruhálsskoðana karla eða ristilsskimunar/speglunar.
 - f) Dvöl á heilsustofnun NLFÍ. Greitt er 50% af kostnaði sjúklings að hámarki 50.000 kr. á hverju almanaksári. Skila þarf inn afriti af beiðni frá lækni og greiðslukvittun.
 - g) Glæraugna- / linsustyrkur. Greitt er vegna einna glæraugna/linsa á hverju almanaksári Greitt er 50 % af kostnaði gegn framvísun nótu en þó að hámarki 65.000 kr.
 - h) Styrkur til laser augnaðgerðar. Greitt er 50%, þó að hámarki 45.000 kr. pr. auga. Skila þarf inn greiðslukvittun.
 - i) Göngugreining. Veittur er styrkur vegna göngugreiningar að hámarki kr. 10.000 á hverju almanaksári. Skila þarf inn greiðslukvittun.
 - j) Heyrnatæki. Veittur er styrkur til kaupa á heyrnatækjum á hverju almanaksári. Greitt er allt að 50% af hlut sjúklings en þó að hámarki kr. 90.000. Skila þarf inn greiðslukvittun.



- k) Líkamsrækt. Greitt er 50% af kostnaði nótu, þó að hámarki kr. 40.000- á hverju almanaksári. Skila þarf inn greiðslukvittun.
 - l) Tæknifrjóvgun. Greiddur er styrkur í allt að þrjú skipti vegna tækni/glasafrjóvgunar, framkvæmd á Íslandi. Greitt er 50% af hlut sjúklings þó að hámarki kr. 90.000-. Félagismaður skal skila inn vottorði frá lækni sem framkvæmir aðgerðina, eða vottorði frá heimilislækni og koma verður fram á vottorðinu að um slíka aðgerð sé að ræða. Fái félagismaður fulla greiðslu frá öðrum aðila fellur réttur hans niður.
 - m) Tannlæknakostnaður. Styrkur vegna tannlækninga hámark kr. 20.000-. Skila þarf inn reikningi.
 - n) Fæðingarstyrkur. kr. 120.000 frá 1.maí 2024. Skila þarf inn fæðingarvottorði. Réttur er reiknaður út frá fæðingardegi barns.
- 5.6. Samanlagðir styrkir samkvæmt fyrrgreindum liðum a)-m) er að hámarki 90.000- kr. pr félagsmann á hverju almanaksári.
- 5.7. Eingreiddar dánarbætur greiðast rétthafa bóta samkvæmt grein 12.4. í sjúkrasjóðsreglugerð félagsins. Réttur til dánarbóta fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist. Séu greiddar dánarbætur vegna hins látna frá öðrum styrktar og sjúkrasjóðum skal það dregið frá framangreindum greiðslum. Dánarvottorð þarf að fylgja umsókn.
- 5.8. Styrkur vegna félagsmanna sem ekki falla undir reglugerð sjóðsins og eru félagssmenn við starfslok er heimilt að veita 50.000,- kr. styrk vegna útfararkostnaðar sem renni til greiðslu hans. Skilyrði styrkveitingar er að hinn látni hafi verið sjóðsfélagi í a.m.k 5 ár fyrir starfslok. Útfararstyrkur fellur niður við 80 ára aldur. Réttur til útfararstyrks fellur niður sé hans ekki vitjað innan 6 mánaða frá því rétturinn stofnaðist. Dánarvottorð þarf að fylgja umsókn.
- 5.9. Áfengis meðferð.
- Styrkur í formi dagpeninga vegna áfengis- eða fíkniefnameðferðar. Greiddir dagpeningar vegna einnar meðferðar á fimm ára fresti, miða skal við grein 12.3 í reglugerð sjúkrasjóðsins. Dagpeningar eru greiddir í allt að 90 daga. Skila þarf inn vottorði frá íslenski meðferðarstofnun og vottorði frá atvinnurekanda um að viðkomandi fái ekki greidd laun á tímabilinu.

6.KAFLI - BREYTINGAR Á REGLUM ÞESSUM.

6. Breytingar á reglum þessum

- 6.1. Tillögur til breytinga á úthlutunarreglum skal gera á fundi stjórnar sjúkrasjóðs enda sé þess getið í fundarboði að breytingar séu dagskrá. Tillögur skulu lagðar fyrir félagsstjórn til samþykkis og taka þær gildi þegar félagsstjórn hefur samþykkt þær með einföldum meirihluta atkvæða, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Stjórn sjóðsins skal leggja fyrir aðalfund breytingar á almennum reglum um fjárhæðir styrkja sem sjóðurinn greiðir.

Þannig samþykkt af stjórn sjúkrasjóðs

ATH: Breytingar á fjárhæðum samþykktar á aðalfundi 22.maí 2024 gilda frá 1.maí 2024. Fjárhæðir styrkja á útgefnum nótum/vottorðum fyrir þann tíma eru greidd skv. reglum þess tíma.